



# Kærleikur

nóvember – desember – janúar

## Íhugunaratriði :

- Kærleikurinn kemur að innan.
- Kærleikur er umhyggjusemi.
- Kærleikur er að deila með sér.
- Kærleikur er að vera vingjarnlegur.
- Kærleikur gerir mig öruggan.
- Kærleikur er að óska öðrum góðs.

## Markmið:

- Að skapa kærleiksríkt umhverfi.
- Að byggja upp félagslega færni í að deila með sér og sýna umhyggjusemi.
- Að sýna kærleika í verki.

## Við leggjum áherslu á kærleika með því að:

- Leika okkur saman og passa að enginn sé hafður útundan.
- Tala fallega og rólega til hvors annars.
- Hrósá hvort öðru og brosa.
- Líta á hvert og eitt barn sem einstakt.
- Hlúa vel að vinum okkar.

## Söngvar og þulur:

- Við erum góð
- Vinur minn
- Álfaheiði
- Gleðisöngurinn
- Við erum dropar
- Jólalög
- Þorralög

## Sögur og leikir:

- Hugarflugsæfingar.
- Besta knús í heimi.
- Bínu bækurnar.
- Einar Áskell.
- Við erum öll fædd frjáls.
- Stjörnusaga.
- Brúmmi.
- Lífsgildabækur.
- Undir heillastjörnu.

**Deilum gildum okkar til að skapa betri heim**

## Umræður:

- Hvað er kærleikur?
- Hver þarfnast kærleika?
- Hvernig er ég kærleiksrík/ur?
- Hvað gerist þegar við brosum til annarra?
- Hvernig líður okkur þegar einhver brosir til manns?
- Hvað er að deila með sér?
- Hvað þykir þér vænt um?
- Hvernig berum við umhyggju fyrir náttúrunni?

## Að tengja lífsgildin daglegu starfi

- Við sýnum tillitsemi og erum kærleiksrík í leikskólanum og leikum okkur saman.
- Við bjóðum góðan daginn og kveðjum með nafni og bros á vör.
- Við vinnum með vináttu í daglegu starfi.
- Við leggjum áherslu á kærleiksríkt andrúmsloft.
- Vináttuganga.
- Við gefum Isabellu afmælis- og jólagjöf.
- Við erum með jólasamveru í desember.
- Við gefum fuglunum að borða.
- Börnin teikna mynd af foreldrum sínum og lýsa þeim.